



Skaftárhreppur

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2016-2019

Það er óhætt að segja að framundan séu ár framkvæmda, tækifæra og bjartsýni. Í fyrsta sinn í 11 ár er verið í nýbyggingum á Kirkjubæjarklaustri sem lýsir þeirri eftirspurn sem er eftir íbúðarhúsnæði. Áfram þarf þó að gæta aðhalds í rekstri sveitarfélagsins en segja má að nú sé loks komið meira svigrúm til viðhalds og fjárfestinga en verið hefur undanfarin ár. Þrátt fyrir það er varlega farið í áætlanagerðinni og ekki gert ráð fyrir fjölgun íbúa á næstu árum heldur er miðað við óbreyttan íbúafjölda, þrátt fyrir að ýmsar blikur séu á lofti. Í janúar 2015 var íbúafjöldi í Skaftárhreppi 460 og nú í desember er fjöldinn kominn í 465. Ef íbúum fjölgar með tilheyrandi útsvarshækkun verður um hreina viðbót við tekjur sveitarfélagsins á næsta ári að ræða.

Nokkrar lykiltölur fyrir árið 2016 fyrir samantekin A og B hluta:

- Niðurstaða án fjármagnsliða 26.674 þús.kr.
- Fjármagnsliðir 12.176 þús.kr.
- Rekstrarniðurstaða jákvæð um 14.498 þús.kr.
- Veltufé frá rekstri 36.946 þús.kr.
- Hækkun verðlags er áætlað 4,5% og launavísitala 9%

Ekki gert ráð fyrir nýrri lántöku á tímabilinu.

Fjögurra ára áætlun er gerð á föstu verðlagi og miðast við áætlun 2016.

Gjaldskrár taka vísitöluhækkunum á næsta ári að undanskildum sorphirðu- og sorpeyðingargjöldum sem taka talsverðum hækkunum. Skýringuna á þeim hækkunum má rekja til þess að gjaldskráin hefur haldist óbreytt í síðustu ár þrátt fyrir hækkunir á gjaldskrár Íslenska gámafélagsins og málaflokkurinn stendur því ekki undir sér.

Skatttekjur

Tekjur samstæðunnar samkvæmt tekjustofnalögum er áætlaðar 431.531 þús.kr. á næsta ári sem er umtalsverð hækkun frá áætlun þessa árs.

Útsvar

Greitt útsvar til Skaftárhrepps er ívið meira 2015 en áætlun gerði ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að 9% hækkun launa leiði til samsvarandi hækkunar á útsvari og útsvarstekjur verði 205.115 þús.kr. Útsvarsálagning er fullnýtt eða 14,52%.

Fasteignaskattur

Álagningarhlutfall fasteignagjalda helst óbreytt en gert er ráð fyrir 3% hækkun á fasteignamati sem mun skila sér í hækkun á fasteignaskatti. Fasteignaskattur er því áætlaður 60.274 þús.kr. Reglur um afslátt af fasteigna- og fráveitugjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega haldast óbreyttar en verða uppfærðar miðað við launavísitölu.



Skaftárhreppur

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Ekki er reiknað með miklum breytingum á framlögum frá Jöfnunarsjóði milli ára. Miðað við þá áætlun sem sjóðurinn sendi frá sér í nóvember s.l. verður framlagið 2016 92.726 þús.kr.

Útgjaldaliðir

Félagsþjónusta

Útgjöld til félagsþjónustu hækka umtalsvert og verður 25.990 þús. kr. en það skýrist m.a. af mikilli hækkun til þjónustu vegna fatlaðs fólks sem var fært frá ríki til sveitarfélaga á síðasta ári án aukins framlags frá ríkinu. Mikið tap hefur verið á rekstri byggðasamlagsins Bergrisans sem verður deilt niður á sveitarfélögin í samræmi við hlutdeild. Gert verður ráð fyrir húsnæðis framlagi sveitarfélagsins til Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla – sem er breyting frá fyrri árum. Ásamt niðurfellingu ¼ af viðskiptaskuld milli Klausturhóla og Skaftárhrepps.

Fræðslu- og uppeldismál

Framlag til Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu eykst einnig milli ára bæði vegna ráðningar náms- og starfsráðgjafa og leikskólaráðgjafa í 100% starf í stað 30% stöðugildis áður. Að öðru leyti er rekstur fræðslumála svipaður á milli ára að undanskildum launahækkunum og almennum verðlagsbreytingum og hljóðar áætlunin uppá 174.061 þús.kr.

Menningarmál

Farið verður í að bæta merkingar fyrir bókasafnið. Framlag til uppskeruhátíðar verður aukið í 500 þús. Áætlun til menningarmála er 17.663 þús. kr.

Æskulýðs- og íþróttamál

Raunkostnaður vegna æskulýðs- og íþróttamála verður lægri 2016 en ráðgert var 2015 eða 62.182 þús.kr. en það skýrist m.a. af því að ekki verður starfandi íþrótt- og tómstundafulltrúi fyrr en á miðju ári 2016. Áætlað er að vera með vinnuskóla í 4-6 vikur næsta sumar. Sveitarstjórn mun styðja Ungmennafélagið Ármann um 250 þús. kr.

Brunamál og almannavarnir

Gert er ráð fyrir að að kostnaður vegna brunamála og almannavarna verði 5.834 þús. kr. sem er um 50% hækkun til málaflokksins. Helstu breytingar á milli ára verða launagreiðslur til slökkviliðsmanna vegna þátttöku í námskeiðum fyrir slökkviliðið ásamt kaupum á lítilsháttar búnaði fyrir slökkvibíla.

Hreinlætismál

Talsverðar breytingar verða á málaflokknum sem skýrist að mestu á kostnaði sem reiknaðist áður vegna sorpokustöðvar og hefur verið lögð niður sem B-hluta fyrirtæki. Eftir situr að tekjur málaflokksins hafa ekki staðið undir kostnaði vegna sorphirðu í sveitarfélaginu sem leiðir til nauðsynlegra gjaldskrárhækkana árið 2016 og fyrirséð að hækka þurfi gjaldskrá enn frekar árið 2017 þar sem við málaflokkinn bætist uppbygging á gámasvæði á næsta ári. Gjaldskráin hækkar að meðaltali um 45%. Engin hækkun hefur verið á gjaldskránni frá 2013 þrátt fyrir verðlagsbreytingar



Skaftárhreppur

þjónustuaðila. Kostnaður vegna hreinlætismála verður 5.021 þús.kr. árið 2016. Gert er ráð fyrir kostnaði í tengslum við sérstakar tiltektarvikur í sveitarfélaginu.

Skipulags- og byggingarmál

Ekki eru ráðgerðar miklar breytingar á kostnaði vegna skipulags- og byggingarmála en hækkunin nemur 8,2% á milli ára og verður 6.472 þús.kr. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir að haldinn verði skipulagsdagur.

Umhverfismál og Umferðar- og samgöngumál.

Reiknað er með óbreyttum rekstri í málefnum tengdum umhverfismálum og umferðar- og samgöngumálum. Áætlað er að 1.813 þús.kr. fari til umhverfismála og 4.495 þús.kr. til umferðar- og samgöngumála.

Atvinnumál

Áætlaður kostnaður vegna atvinnumála árið 2016 er 17.458 þús.kr. Áætlaður stuðningur er við eftirtalin verkefni;

- Friður og frumkraftar 1.500 þús.kr.
- Katla jarðvangur 1.500 þús.kr.
- Náttúrustofa Suðausturland 2.700 þús.kr.
- Fjaðrárgljúfur rekstur 1.500 þús.kr.
- Kirkjubæjarstofa 1.000 þús.kr.

Lokið verður við framkvæmdir í Eldhrauni og gert ráð fyrir 6.000 þús.kr. í verkefnið en styrkur frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða að sömu upphæð kemur á móti. Sótt var um styrk til áframhaldandi uppbyggingar í Fjaðrárgljúfri í framkvæmdasjóðinn og gert ráð fyrir að sá styrkur fullnýtist til verkefnisins.

Ráðgert er að í Skaftárhreppi verði a.m.k. 50% stöðugildi starfsmanns Náttúrustofu Suðausturlands en í dag eru tveir starfsmenn staðsettir á Hornafirði.

Einnig verður gert ráð fyrir 1.500 þús.kr. í lagfæringar á Skaftárrétt.

Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir vinnu við undirbúning vegna uppbyggingu sterkari nettenginga fyrir íbúa sveitarfélagsins að upphæð 7.200 þús.kr árið 2016. Einnig verður fjárfest í skjala- og upplýsingakerfi fyrir sveitarfélagið og gert ráð fyrir lögfræðikostnaði. Aukið hefur verið við stöðugildi á skrifstofu en einnig er gert ráð fyrir hækkunum á kjarasamningum. Framlag til héraðsnefndar hækkar um 100% á milli ára vegna þátttöku í kostnaði við uppbyggingu verknámsaðstöðu við Fjölbrautarskóla Suðurlands. Sameiginlegur kostnaður er áætlaður 53.747 þús.kr.



Skaftárhreppur

Framkvæmdaáætlun

Verkefni	Kostnaður í þús.kr
Gámasvæði	5.566
Kirkjubæjarskóli	3.500
Kennslueldhús	500
Sundlaug	2.300
Félagsheimilið Kirkjuhvoll	1.500
Klausturvegur 15	1.700
Klausturhólar neðri hæð	3.000
Fjaðrárgljúfur	3.000
Áningarstaður í Eldhrauni	6.000
Ljósastaurar og gatnaframkv.	1.500
Múlakotsskóli	500
Fjármögnun	Kostnaður
Frkvsj. Ferðamannst.	9.000
Heildarkostnaður Skaftárhrepps	20.066

Gámasvæði – heildarkostnaður áætlaður 10.474 þús.kr. fyrsti áfangi var áætlaður 2015 1.000 þús.kr. annar áfangi 2016 5.566 millj. og þriðji áfangi 2017 2.908 þús.kr.

Eldhraun – fjármagnað með framkvæmdasjóði ferðamannastaða 6.000 þús.kr.

Kennslueldhús í Kirkjubæjarskóla – mótframlag Skaftárhrepps 500 þús.kr.

Áframhald uppbyggingar í Fjaðrárgljúfri – 3.000 þús.kr. fjármagnað með styrk úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Kirkjubæjarskóli – viðhald og rýmisgreining 3.500 þús.kr.

Klausturvegur 15 – áður Ráðhús 1.700 þús.kr.

Klausturhólar neðri hæð – aðstaða vegna eldri borgara 3.000 þús.kr.

Sundlaug – viðgerðir á rakaskemmdum og lagfæring á vaðlaug 2.300 þús.kr.

Aðkoma að félagsheimilinu Kirkjuhvoli – 1.500 þús.kr. m.v. styrk úr framkvæmdasjóði Ferðamannastaða.

Múlakotsskóli – 500 þús.kr. mótframlag vegna styrks úr húsafriðunarsjóði

Gatnaframkvæmdir - Uppsetning ljósastaura að aðkeyrslu íþróttamiðstöðvar og smáviðgerðir gatna 1.500 þús.kr.

Einnig er gert ráð fyrir minniháttar viðhaldi á leikskólanum Kærabæ og Klausturhólum 1 og 2